



Vinnureglur Íþróttasjóðs ÍT

Samþykktar á fundi MÍT-ráðs 14. október 2006, breytt á fundi ÍT ráðs, síðast 7. mars 2017.

1. grein

Um styrki til íþróttafólks sem hefur verið valið í landslið Íslands í íþróttagrein sinni gilda eftirfarandi vinnureglur:

- A) Sjóðurinn styrkir að jafnaði einungis landsliðsfólk sem er 25 ára eða yngra.
- B) Ekki eru veittir styrkir til keppni eða æfinga með landsliðum innanlands.
- C) Ef landsliðsfólk þarf að greiða einhvern hluta sjálft af flugfari eða gistingu skal það eiga rétt á styrk að upphæð 20.000 krónur
- D) Landsliðsfólk sem þarf ekki að greiða flug eða gistingu á ekki rétt á styrk úr sjóðnum.

2. grein

Allar umsóknir sem berast Íþróttasjóði vegna landsliðsfólks skulu sendar af viðkomandi íþróttafélagi /deild sem sækir um fyrir hönd umsækjandans. Umsóknir verða að vera rétt út fylltar. Að öðrum kosti getur ÍT frestað afgreiðslu umsókna eða hafnað þeim.

3. grein

Um styrki vegna íþróttahópa eða liða vegna keppni erlendis gilda eftirfarandi reglur:

- A) Eftirtalin mót eru styrkhæf:
 - Heimsmeistaramót
 - Evrópumót
 - Norðurlandamót
 - Alþjóðleg mót, þar sem viðkomandi hefur unnið sér þátttökurétt.
- B) Styrkupphæð fer eftir því hve margir leikmenn eru á leikskýrslu t.d. í knattspyrnu alls 16 og í körfuknattleik alls 12. Að auki er heimilt að veita allt að 4 til viðbótar sambærilega styrki. Hámarksupphæð styrkja á hvern einstakling innan liðs skal eigi vera hærrí en samþykkt upphæð fyrir landsliðsfólk er hverju sinni (sbr. liður C).
- C) Æfingaferðir falla ekki undir reglur sjóðsins.

4. grein

Almennar styrkveitingar til félaga og/eða deilda skulu að öllu jöfnu veittar til eflingar á unglingsstarfi og fyrir góðan árangur. ÍT er heimilt að veita styrki til aðila sem er þjálfari, fararstjóri eða fylgdarmaður, t.d. í þeim tilfellum sem viðkomandi þátttakandi er undir 18 ára aldri eða þarf á einhvern hátt á aðstoð að halda, t.d. vegna fötlunar.

5. grein

Íþróttafélag innan ÍRB sem hlýtur Íslands- og eða bikarmeistaratitil í liðakeppni í meistara-



flokki í efstu deild (10 liðsmenn eða fleiri) fær úthlutað 300.000 krónum fyrir bikarmeistaratitil og 500.000 fyrir Íslandsmeistaratitil.

Verði lið margfaldur meistari hækkar greiðslan ekki og er einungis greidd út einu sinni til viðkomandi liðs að hámarki 500.000 kr. Skilyrði fyrir úthlutun þessari er að viðkomandi íþróttagrein hafi a.m.k. 100 þátttakendur eða fleiri og sé með virkt barnastarf og starfsemi fyrir bæði kyn.

6. grein

Umsóknir til sjóðsins skulu berast á þar til gerðum eyðublöðum og teljast gildar, berist þær á fjárhagsári bæjarsjóðs, þ.e á tímabilinu 1.janúar til 31. desember.

7. grein

Starfsmönnum Íþróttá- og tómstundaskrifstofu er heimilt að afgreiða umsóknir ef umsækjendur uppfylla skilyrði samkvæmt 1. grein hér að ofan. ÍT skal sent reglulegt yfirlit um afgreiðslu umsókna og getur afturkallað styrkveitingar telji ráðið rökstudda ástæðu til.